

Fundargerð

167. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 8. maí 2012 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ráðstöfunar og flutningsgreiðslur
- (3) Önnur mál

Guðmundur setti fund og bauð fulltrúa sveitarfélaganna, Bryndísi Gunnlaugsdóttir velkomna til starfa í stjórn ÚS.

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (166. fundar).

2. Ráðstöfunar og flutningsgreiðslur

Farið var yfir ráðstöfunar- og flutningagreiðslur þar sem sérstaklega var litið til umbúða úr pappa og plasti. Stjórn ræddi mögulega endurskoðun á flutningagreiðslum til þjónustuaðila út frá breyttum aðferðum við flutning. Nú er mun meira af pappa- og plastumbúðum pressað fyrir flutning innanlands en var þegar að flutningagreiðslur voru ákveðnar í upphafi. Stjórn felur ÓK að koma með tillögur að breyttri flutningsjöfnum fyrir næsta stjórnarfund ÚS.

Farið var yfir greiðslur vegna ráðstöfunar til þjónustuaðila. Farið var yfir mismuninn á greiðslu til þjónustuaðila fyrir bylgupappír annars vegar og fyrir sléttan pappa hins vegar. Hærra gjald fyrir sléttan pappa á sér sögulegar skýringar frá því að eingöngu var verið að safna mjólkurumbúðum frá heimilum á starfssvæði Sorpu Stjórnarmenn ræddu að samkvæmt lögum eigi að nást 60% innsöfnun á pappaumbúðum sem fer til endurnýtingar og endurvinnslu en innsöfnunin er nú komin í 80% á árinu 2011. Rætt var um hvort lækka eigi greiðslur til ráðstöfunaraðila vegna hagstæðra ytri skilyrða á mörkuðum með hráefni til endurvinnslu. Stjórn ræddi möguleika á því að leggja hærra gjald á heyrúlluplast en annað umbúðaplast vegna meiri kostnaðar og vísaði til lausna vegna álagningar úrvinnslugjalds á leysiefni. Stjórn ræddi stöðu á mörkuðum með flokkuð úrgangsefni.

3. Önnur mál

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur 2011 í samræmi við athugasemdir sem fram komu á síðasta fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs. Engar athugasemdir hafa borist frá stjórnarmönnum ÚS eftir síðasta stjórnarfund.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning.

Næsti fundur ákveðinn 22.maí 2012. Fundi slitið kl 14:00
Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs